



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis í landi Arnarvatns í Skútustaðahreppi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 20. apríl s.l. að auglýsa skv. 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis 365-V (hótellóðar) í landi Arnarvatns í Skútustaðahreppi.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir stækkun núverandi lóðar Hótel Laxár þar sem fyrirhugað er að byggja starfsmannabústaði vestan hótelsins þannig að þeir snúi ekki að Mývatni og verði ekki jafn sýnilegir frá þjóðvegi og þeir yrðu annars innan núverandi lóðar. Því er mörkum reitsins og byggingarreit breytt þannig að þau nái vestur yfir háhæðina, sem hótelið stendur á. Samhliða breytingu á deiliskipulagi er gerð leiðrétting á landnotkunarreit 365-V í Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 þannig að stærð og lögun landnotkunarreits er breytt til samræmis við uppgefna stærð í aðalskipulagsgreinargerð.

Tillöguuppdráttur með greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með föstudeginum 22. apríl til og með föstudeginum 3. júní 2016. Þá eru tillögurnar og aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www.myv.is> undir **Skipulagsauglýsingar** (hnappur á forsíðu).

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 3. júní 2016. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Bjarni Reykjálín,
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.